



Jafnlaunastefna Reykhólahrepps

Jafnlaunastefna Reykhólahrepps nær til allra starfsmanna sveitarfélagsins. Sveitarstjórn ber ábyrgð á jafnlaunastefnunni og hún sé í samræmi við jafnlaunastaðalinn ÍST 85:2012. Hún sér til þess að allt starfsfólk Reykhólahrepps sem kemur að launaákvörðunum sé vel upplýst um jafnlaunakerfið og verklagsreglur því tengdu. Sveitarstjórn fylgist einnig með því að starfsmenn fylgi lögum og reglum sem gilda í jafnlaunamálum.

Starfsfólk Reykhólahrepps skal njóta jafnra launa og sömu kjara fyrir sömu og/eða jafnverðmæt störf óháð kyni. Með þessu er komið í veg fyrir ómálefnalegan launamun starfsmanna.

Til að ná þessu markmiði mun sveitarfélagið:

- Innleiða vottað jafnlaunakerfi sem byggist á jafnlaunastaðlinum ÍST 85. Það er síðan skjalfest og því viðhaldið
- Fylgja öllum viðeigandi lögum, reglum og kjarasamningum sem eru í gildi á hverjum tíma og staðfesta á fundi hlítunguna við lög
- Framkvæma á innri úttekt og rýni stjórnenda árlega
- Framkvæma launagreiningu árlega. Í því felst að borin eru saman jafnverðmæt störf og athugað hvort mælist munur á launum eftir kyni. Helstu niðurstöður eru síðan kynntar fyrir starfsfólki
- Með stöðugu eftirliti getur komið í ljós óútskýrður launamunur, til að mynda úr launagreiningunni og þá skal bregðast við strax og gera umbætur
- Jafnlaunastefnan er kynnt fyrir starfsmönnum sveitarfélagsins árlega og hún höfð aðgengileg á heimasíðu Reykhólahrepps

Jafnlaunastefnan er órjúfanlegur hluti af mannauðsstefnu Reykhólahrepps

Samþykkt á sveitarstjórnarfundi 12. maí 2022.